

## ORKUVEITA REYKJAVÍKUR. ORKA &amp; INNVIÐIR | IS | 551298 -3029

B1 | 85 / 100

A1 - A3	B1 - B3	C1 - C3	D
Framúrskarandi	Gott	Miðlungs	Slakt


## EINKUNN

Orkuveita Reykjavíkur fær góða einkunn í UFS mati Reitunar með 85 stig af 100 mögulegum. Endar félagið í flokki B1.

## UFS NIÐURSTÖÐUR

	Vægi	Stig	Einkunn
<b>Umhverfisþáttur</b>	41.0%	88	A3
E.1 Visthagkvæmni	20.0%	83	B1
E.2 Umhverfisstjórnun	18.0%	94	A2
E.3 Vörur og þjónusta - Ábyrgð	3.0%	85	B1
<b>Félagsþáttur</b>	27.0%	86	A3
S.1 Starfsumhverfi	7.0%	91	A3
S.2 Velferð starfsmanna & viðskiptaánægja	18.0%	85	B1
S.3 Vörur og þjónusta - Áhrif	2.0%	80	B1
<b>Stjórnarhættir</b>	32.0%	79	B2
G.1 Stjórnun & aðfangakeðja	9.0%	75	B2
G.2 Starfshættir	21.0%	81	B1
G.3 Vörur og þjónusta - Áhrif	2.0%	80	B1

## SAMANBURÐUR



## UFS EINKUNNADREIFING



## STUTT SAMANTEKT Á NIÐURSTÖÐUM

Orkuveita Reykjavík (OR) samanstendur af móðurfélaginu OR og fjórum dótturfélögum sem öll sinna misjöfnum hlutverkum og er ljóst að samstæðan skipar stóran sess í íslensku samfélagi. OR endar með 85 punkta í UFS mati Reitunar sem er mjög góður árangur og er það hækkun um 2 punkta frá árinu áður. Umhverfismgjörð samstæðunnar er góð en bæði móðurfélagið og dótturfélögin starfa eftir umhverfisstefnu og hefur umhverfisstjórnunarkerfi OR hefur verið vottað eftir ISO 14001 staðlinum. Félagið þarf að uppfylla umhverfiskröfur eftirlitsaðila til þess hafa starfsleyfi og veitir það aðhald með umhverfismálum í rekstri félagsins. Öll verkefni félagsins fara í gegnum umhverfisáættumát áður en þau eru samþykkt en þeir verktakar sem taka að sér verk samstæðunnar þurfa að fylgja umhverfiskröfum OR. Félagið hefur sett sér markmið um að verða kolefnishlutlaust árið 2030 og hefur tekið afgerandi skref í áttin að því á undanförunum árum. Félagið vinnur markvisst að því að lágmarka öll umhverfisáhrif frá starfsemi sinni og miðar að því að nýta auðlindirnar á sjálfbæran máta. Stjórn og stjórnendur koma með beinum hætti að umhverfis og loftlagstengdum málafnum með reglubundnum hætti sem er styrkleiki. Félagið hefur jákvæð áhrif á viðskiptavinum sína með ábyrgu vöru- og þjónustuframboði. Þar má nefna Jarðhitagarð ON sem býður upp á aðstöðu fyrir þá sem vinna að verkefnum sem snúa að umhverfis- og loftlagsmálum. Einnig hefur félagið hefur tekið þátt í að ýta undir orkuskiptin í landinu með því að styðja við uppsetningu hleðslustöðva um allt land. Veitur hafa skuldbundið til þess að styðja við rafvæðingu hafna í Reykjavík en það verkefni sem hefur vakið hvað mesta athygli á heimsvísu er Carbfix sem tekur koldíoxíð og brennisteinsvetni og dælir því niður í jörðina. Þetta mun bæði aðstoða OR að ná sínum markmiðum í loftlagsmálum sem og öðrum sem munu kjósa að nýta sér þessa aðferð. Félagið vinnur vel að því að vekja athygli á og koma vörum sínum á framfæri og til viðskiptavina. Unnið er markvisst að því að lágmarka slys og fækkaði þeim á milli ára og mátti greina aukna öryggisvitund starfsmanna. Starfsmannakannanir gefa til kynna að mikil starfsánægja sé meðal starfsmanna og almennt er hugað vel að mannauðnum í félaginu. OR hefur náð athyglisverðum árangri í að útrýma launamun kynjanna og stendur félagið framalega á því sviði. Í upphafi síðasta árs hlaut félagið menntaverðlaun atvinnulífsins fyrir árið 2020. OR hefur gefið út græn skuldabréf undanfarin ár en tók stór skref í vegferð sinni með því að láta alla starfsemi félagsins falla undir græna fjármögnunarramma sinn sem gerir því mögulegt að fjármagna sig að fullu á sjálfbæran hátt. OR birti síðareglur birgja á síðasta ári en eiga eftir að innleiða þær að fullu. Upplýsingagjöf félagsins er framúrskarandi og er haldið vel utan um sjálfbærnimál og einnig er skilað inn sjálfbærniupplýsingum til viðurkenndra aðila. Vegna eðli starfseminnar þá verður alltaf einhver óstjórnúð áhætta sem snýr að öryggimálum, nýtingu auðlinda og umhverfinu. Einnig er ákveðin pólitísk áhætta vegna eðli eignarhaldsins með tilliti til stjórnarháttá. Heilt yfir vinnur OR markvisst að því að lágmarka sjálfbærniáhættu og nær framúrskarandi árangri á mörgum sviðum í þessu mati.

## SAMANBURÐUR VIÐ ÍSLENSKA ÚTGEFENDUR

Orkuveita Reykjavíkur fær 85 punkta í UFS mati Reitunar, flokkur B1. Er það fyrir ofan meðaltalið sem er nú 70 stig, flokkur B2. OR er meðal efstu fimm félaga sem hafa farið í gegnum UFS mat hjá Reitun. Ef horft er til punktafjölda er OR yfir meðaltali í öllum flokkum í samanburði við innlenda útgefendur sem hafa farið í gegnum greiningu hjá Reitun og hlotið einkunn. (fjöldi: 34).

## Fyrirvarar

Við gerð þessarar greiningar og mats á umhverfis- og félagsþáttum og stjórnarháttum (UFS), er gengið út frá því að þau gögn og upplýsingar sem Reitun hefur fengið aðgang að til skoðunar séu sannleikanum samkvæmt og ekki liggi fyrir frekari gögn. Hafi Reitun fengið afhent ljósrit af skjölum gengur Reitun út frá því að þau séu í samræmi við frumrit viðkomandi skjala og ekki hafi verið gerðir neinir viðaukar eða breytingar á þeim eftir á. Þá er gengið út frá því að allar undirritanir á skjöl og samninga sem Reitun hefur fengið aðgang að séu réttar og skuldbindandi fyrir félagið.

Þær skoðanir og spár sem hér koma fram eru byggðar á almennum upplýsingum og mögulega trúnaðarupplýsingum sem Reitun hefur undir höndum þegar matið er ritað. Helstu heimildir eru ársskýrslur og ýmis gögn frá þeim aðila sem verið er að meta, spurningalistar, samtöl og fundir auk aðgengilegra opinberra upplýsinga sem birst hafa í fjölmiðlum og á öðrum vettvangi sem félagið telur áreiðanlegar. Reitun ábyrgist þó ekki áreiðanleika eða nákvæmni upplýsinganna og ber enga ábyrgð á áreiðanleika upplýsingaveitna sem stuðst er við. Upplýsingar í umfjöllun eru einungis birtar í upplýsingarskyni og þær ber ekki að skoða sem tilboð á neinn hátt og þær skulu ekki nýttar á þeirri forsendu að um sé að ræða ráðleggingar vegna fjárfestinga í fjármálagerningum. Fjárfestar eru eindregið hvattir til að afla sér sjálfstæðra ráðlegginga eigin ráðgjafa áður en fjárfest er í fjármálagerningum, s.s. vegna lagalegrar eða skattalegrar stöðu sinnar. Reitun og starfsfólk Reitunar bera ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram.

Þrátt fyrir að þess sé sérstaklega gætt að upplýsingarnar séu réttar og nákvæmar þegar þær eru settar fram getur Reitun, eða starfsmenn Reitunar, ekki borið ábyrgð á villum. Mat á upplýsingum endurspeglar skoðanir Reitunar á þeim degi sem þær eru settar fram, en þær geta breyst án fyrirvara. Hvorki Reitun né stjórnendur eða starfsmenn félagsins bera ábyrgð á beinu eða óbeinu tjóni sem hlýst af upplýsingum sem finna má í þessu mati eða dreifingu slíkra upplýsinga.

Sérstök athygli er vakin á því að áætlanir og spár geta breyst fyrirvaralaust á jákvæðan eða neikvæðan hátt og eru háðar utanaðkomandi óvissu og breytum sem gjarnan eru ekki á valdi Reitunar. Reitun og starfsmenn félagsins taka ekki ábyrgð á því ef að UFS mat einstakra útgefanda sem félagið hefur metið og gefið einkunn á breytist. Reitun ábyrgist ekki að gera breytingar á þeim upplýsingum sem birtar eru í skýrslunni ef forsendur þeirra breytast eða ef í ljós kemur að þær eru rangar eða ónákvæmar.

Reitun, starfsmenn Reitunar, stjórnarmenn eða aðilar tengdir Reitun kunna að eiga hagsmuna að gæta varðandi einstök félög sem greiningar, verðmatsskýrslur og annað útgáfuefni Reitunar lýtur að hverju sinni. Hagsmunir kunna að vera ýmsir t.d. sem hluthafar eða ráðgjafar, eða hagsmunir sem lúta að annarri veittri þjónustu. Möguleiki er á að útgefandi verðbréfa sem metin eru greiðir Reitun fyrir þá þjónustu. Öll greiningarvinna eru engu að síður unnin sjálfstætt af Reitun.

Reitun á allan höfundarrétt að upplýsingum í skýrslunni. Óheimilt er með öllu að dreifa þeim upplýsingum sem finna má í matinu eða nýta þær með öðrum hætti án heimildar Reitunar.